

**144. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
20. október 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólakennara, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2008109 - Verklagsreglur um starfsemi leikskóla- endurskoðun

Tillögur á endurskoðun á verklagsreglum um starfsemi leikskóla á Akranesi.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla, Salbjörg Ósk Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Ragnheiður Ásta Brynjólfsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskóla.

Afgreiðslu frestað.

2. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum

Tillögur að úthlutun fyrir skólaárið 2020-2021.

Anney, Salbjörg og Ragnheiður sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir haustúthlutun 2020 vegna náms 14 starfsmanna leikskólanna í leikskólakennarafræðum og lýsir ánægju yfir þeim fjölda sem er í leikskólakennarafræðum á Akranesi. Úthlutun er vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

3. 2010123 - Þjónustukönnun í leikskólum Akraneskaupstaðar

Tillaga að framkvæmd þjónustukönnunar í leikskólum á Akranesi.

Anney, Salbjörg og Ragnheiður sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillöguna.

4. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun

Umræða um væntanlega vinnu við menntastefnu Akraneskaupstaðar.

Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri í Þorpinu, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskólans, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs koma inn á fundinn undir þessum lið. Anney, Salbjörg og Ragnheiður sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur að gengið verði til samninga við KPMG og vísar afgreiðslu til bæjarráðs.

Anney, Salbjörg, Ragnheiður, Ívar Orri, Guðjón og Jónína víkja af fundi.

5. 2010055 - Grunnskólar - Viðhald húsnæðis.

Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Arnbjörg, Sigurður og Ingibjörg sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða og ítarlega samantekt á stöðu mála í grunnskólunum á Akranesi.

6. 2010124 - Weduc skráningar- og upplýsingakerfi í Grundaskóla

Kynning á nýju kerfi í Grundskóla.

Arnbjörg, Sigurður og Ingibjörg sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari skólastjóra Grundaskóla góða kynningu.

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.
Sign (BD, RS, SMS, VJ, FES)*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.